

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi

1. gr.

Af hundum í Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr.154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

2. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald sem hér segir fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, númeraplata og umsýslugjald heilbrigðiseftirlitsins.

Einn hundur	kr.	15.000
-------------	-----	--------

Ekki er innheimt leyfisgjald á því ári sem hundur er skráður.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Tvö tímagjöld heilbrigðiseftirlits	kr.	37.000
------------------------------------	-----	--------

Ekki er innheimt handsömunargjald af skráðum hundum.

Greiða skal þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

4. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. grein

Hafi leyfishafi lokið námskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsókn, að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, frá þeim tíma sem fullnægjandi gögn voru lögð fram, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Skilyrt er að gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari séu ekki í vanskilum.

6. grein

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður eða lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. grein

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Garðabæjar XX. október 2021, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar XX. október.2021 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar XX. október 2021, staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldsskrá nr.1370/2019 um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ XX. nóvember 2021
f.h. heilbrigðisnefndar,

Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri.